

SKÓLANÁMSKRÁ**Góður skóli - gjöful framtíð**

Íslenska	3
Megináherslur: Lestur, ritun og málfræði, 105 - 175 orð á mínu.	3
Læsisstefna: Heimalestur upphátt 5x í viku og 3-5x í skólanum.	3
Stærðfræði	5
Megináherslur: Samlagning, frádráttur, margföldun, deiling, tví- og þrívíð form.	5
Stærðfræðistefna: Mismunandi lausnaleiðir við samlagningu, frádrátt, margföldun og deilingu. Tengsl almennra brota og tugabrota.	5
Samfélagsfræði	7
Megináherslur: Norðurlönd, samfélag fyrr og nú, margbreytileiki fjölskyldna.	7
Náttúrufræði	9
Megináherslur: Tækni, mannslíkaminn.	9
Enska	10
Megináherslur: Orðaforði, samræður, kynningar	10
Danska	12
Megináherslur: Orðaforði	12
Tölvur	13
Megináherslur: Fingrasetning, rafrænt námsefni	13
Skólaíþróttir	14
Megináherslur: Fjölbreyttar íþróttir og sund.	14
Myndmennt	15
Megináherslur: Teikna og mála	15
Smíði	16
Megináherslur: Samsetningar og yfirborðsmeðhöndlun.	16
Heimilisfræði	17
Megináherslur: Matreiðsla	17
Textílmennt	18
Megináherslur: Útsaumur og hekl	18
Tónmennt	19
Megináherslur: Söngur, ólíkir stílar, forrit	19
<i>Stærðfræðistefnu, læsisstefnu og lykilhæfni er hægt að skoða á heimasíðu skólans.</i>	1

SKÓLANÁMSKRÁ

Góður skóli - gjöful framtíð

Dans	20
-------------	-----------

Megináherslur: Örva hreyfi- og rýmisþroska og félagsgreind.	20
---	----

Umsjón og lífsleikni	21
-----------------------------	-----------

Megináherslur: Bekkjarfundir	21
------------------------------	----

SKÓLANÁMSKRÁ

Góður skóli - gjöful framtíð

Íslenska

Megináherslur: Lestur, ritun og málfræði, 105 - 175 orð á mínútu.

Læsisstefna: Heimalestur upphátt 5x í viku og 3-5x í skólanum.

Hæfniviðmið:

Að nemandi:

Talað mál, hlustun og áhorf:

- Geti hlustað af athygli og beitt þekkingu sinni og reynslu til að skilja það sem sagt er og greint frá aðalatriðum Átt góð samskipti, hlustað, gætt tungu sinnar og sýnt viðeigandi kurteisi.

Lestur og bókmenntir:

- Geti lesið texta við hæfi með góðum hraða og af skilningi, lagt mat á hann og túlkað. Lesið sér til ánægju og fróðleiks og gert öðrum grein fyrir þeim áhrifum sem texti hefur á hann. Beitt nokkrum hugtökum til að fjalla um form og innihald ljóða, svo sem rím, ljóðstafi, hrynjandi, líkingar og boðskap. Valið sér fjölbreytt lesefni við hæfi til gagns og ánægju. Lesið gamlar og nýjar bókmenntir, þar á meðal þjóðsögur, ljóð, og bókmenntir ætlaðar börnum og unglungum. Aflað upplýsinga úr bókum og fjölbreyttu rafrænu efni, unnið úr þeim og nýtt við lausn verkefna, lagt nokkurt mat á gildi og trúverðugleika upplýsinga. Greint og fjallað um aðalatriði í texta og helstu efnisorð og notað mismunandi aðferðir við lestur og skilning á texta. Greint nokkur frásagnarform bókmennta og beitt fáeinum bókmenntafræðilegum hugtökum til að efla skilning, svo sem tíma, sjónarhorni, sögusviði og boðskap.

Ritun:

- Geti beitt helstu atriðum stafsetningar og greinarmerkjasetningar og hefur náð valdi á þeim. Valið textategund, skipulagt og orðað texta, svo sem sögur, frásagnir, lýsingar og fyrirmæli, á þann hátt sem hæfir tilefni. Lesið texta og skoðað hann með það í huga að kanna hvernig höfundur skrifar og nýtt það við eigin ritun. Skrifað læsilega og af öryggi með persónulegri rithönd, beitt algengum aðgerðum í ritvinnslu, gengið frá texta og

SKÓLANÁMSKRÁ

Góður skóli - gjöful framtíð

notað orðabækur. Samið texta þar sem beitt er eigin sköpun, notið þess að tjá hugmyndir sínar og reynslu og veitt öðrum hlutdeild með því að kynna ritunina eða leyfa öðrum að lesa. Skrifað texta á tölvu og beitt nokkrum aðgerðum í ritvinnslu, vísað til heimilda skrifað texta með ákveðinn lesanda í huga, á blað eða tölvu.

Málfræði:

- Átti sig á hvað eru nafnorð og sagnorð og geri sér grein fyrir notagildi þeirra í texta. Átti sig á hvað eru lýsingarorð og geri sér grein fyrir notagildi þeirra í texta. Geti stigbreytt lýsingarorð í réttri tölu og réttu kyni.

Helstu námsbækur og gögn:

Málrækt 2. Annar smellur. Orðspor 2. Söguskinna. Ýmsar lestrarbækur og verkefni frá kennara

Námsmat:

Leiðsagnarnám. Árangursrík umræða. Þrjár stjörnur og ein ósk. Sjálfsmat, ritun, flökkusögur, hvaða stafsetningarreglur kann ég. Kennaramat, lesfimipróf, lesskilningspróf, flökkusögur og álfasögur, dagbókarskrif, stöðumat í málfræði.

SKÓLANÁMSKRÁ

Góður skóli - gjöful framtíð

Stærðfræði

Megináherslur: Samlagning, frádráttur, margföldun, deiling, tví- og þrívíð form.

Stærðfræðistefna: Mismunandi lausnaleiðir við samlagningu, frádrátt, margföldun og deilingu. Tengsl almennra brota og tugabrota.

Hæfniviðmið:

Að nemandi:

- Geti leyst stærðfræðiþrautir um viðfangsefni sem gefa tækifæri til að beita innsæi, eigin túlkun og framsetningu, byggða á fyrri reynslu og þekkingu.
- Geti valið og notað hentug verkfæri, þar með talin hlutbundin gögn, reiknirit, talnalínu, vasareikna og tölvur, til rannsókna á stærðfræðilegum viðfangsefnum.
- Taki þátt í að þróa fjölbreyttar lausnaleiðir, með því m.a. að nota skráningu með tölu, texta og teikningum. Geti unnið í samvinnu við aðra að lausnum stærðfræðiverkefna, þar sem byggt er á ólíkum forsendum og hugmyndum nemenda.
- Geti lesið einfaldan, fræðilegan texta og notað upplýsingar, þar sem stærðfræðihugtök koma fyrir. Reiknað á hlutbundinn og óhlutbundinn hátt með ræðum tölu.
- Geti rannsakað og sett fram talhamynstur á skipulegan hátt og unnið með regluleika í rúmfraði, lýst mynstrum og venslum með tölu, myndum, orðum og á táknmáli algebrunnar.
- Geti rannsakað og greint tvívíð og þrívíð form, teiknað einfaldar flatar- og þrívídarmyndir, speglar, snúið og hliðrað flatarmyndum við rannsóknir á mynstrum sem þekja flötinn. Reiknað út líkur í einföldum tilvikum.

Helstu námsbækur og gögn:

Stika 2a. Forrit á netinu. Æfingar inn á Ipad. Verkefnablöð.

SKÓLANÁMSKRÁ

Góður skóli - gjöful framtíð

Námsmat:

Kaflapróf í lok hvers kafla. Haustpróf og vorpróf. Metið eftir vinnubrögðum og vinnusemi nemenda.

SKÓLANÁMSKRÁ

Góður skóli - gjöful framtíð

Samfélagsfræði

Megináherslur: Norðurlönd, samfélag fyrr og nú, margbreytileiki fjölskyldna.

Hæfniviðmið:

Að nemandi:

Reynsluheimur:

- Beri saman valin trúar- og lífsviðhorf. Beri kennsl á trúarlegar vísanir og tjáningu í listum og bókmenntum.
- Geti rætt á upplýstan hátt um tímabil, atburði og persónur sem vísað er til í þjóðfélagsumræðu.
- Geti metið heimildir og ólík sjónarhorn í umfjöllun um sögu og samtíð. Gert sér grein fyrir einkennum og stöðu Íslands í heiminum í ljósi legu og sögu landsins, breytilegar menningar, trúar og lífsviðhorfa.
- Geri sér grein fyrir margbreytileika fjölskyldna og margvíslegum hlutverkum innan þeirra.
- Geti skýrt tengsl samfélags, náttúru, trúar og lífsviðhorfa fyrr og nú.
- Geti gert grein fyrir einkennum og stöðu Íslands í heiminum í ljósi legu og sögu landsins, breytilegar menningar, trúar og lífsviðhorfa.
- Geti lýst náttúruferlum sem hafa áhrif á land og gróður. Áttað sig á hvernig loftslag og gróðurfar hafa áhrif á búsetu og lífsskilyrði.
- Geti lýst með dæmum áhrifum tækni og mannlegra athafna á samfélag og umhverfi.
- Geri sér grein fyrir nýtingu og vernd auðlinda og umhverfis, hvernig hver einstaklingur getur lagt sitt af mörkum til verndar.
- Noti kort og gröf til að afla sér upplýsinga.
- Geti lýst með dæmum hvernig samfélagsgerð tengist lífi einstaklinga.

Hugarheimur:

- Geti sett sig í spor fólks með ólíkan bakgrunn á völdum stöðum og tímum gert sér grein fyrir margbreytileika fjölskyldna og margvíslegum hlutverkum innan þeirra

Félagsheimur:

SKÓLANÁMSKRÁ

Góður skóli - gjöful framtíð

- Geti rökrætt um ólík málefni af samfélagslegum og siðferðilegum toga sýnt sanngirni, sjálfstraust og virðingu í samskiptum og samvinnu við aðra og sýnt samferðafólki sínu tillitssemi og umhyggju.

Helstu námsbækur og gögn:

Óðinn og bræður hans. Heimur verður til. Snorra saga. Hugrún, lesbók og verkefni. Norðurlönd.

Námsmat:

Leiðsagnarmat Jafningjamat/sjálfsmat – sendibréf/setja sig í spor annara/hópverkefni
Stöðumat – Norðurlönd Jafningjamat – Norðurlönd Kennaramat – Lífshlaup Snorra í máli og myndum, Norðurlönd.

SKÓLANÁMSKRÁ

Góður skóli - gjöful framtíð

Náttúrufræði

Megináherslur: Tækni, mannslíkaminn.

Hæfniviðmið:

Að nemandi:

- Geti fjallað um þekktar tækninýjungar eða vínsinda uppgötvanir og áhrif þeirra á atvinnuhætti og mannlíf í heimabyggð, umhverfi og náttúru, fjallað um hvernig ólík hæfni nýtist í störfum nútímans.
- Geti útskýrt áhrif tækni og vínsinda á líf fólks, framkvæmt og útskýrt einfaldar athuganir úti og inni, lýst dænum af áhrifum af gjörðum mannsins á náttúru og manngert umhverfi í heimabyggð og á Íslandi, sagt frá hugsanlegri þróun í framtíðinni.
- Geti gert grein fyrir muni á hreinu vatni og menguðu, hvað megi gera til að draga úr vatnsmengun.
- Geti lýst helstu líffærakerfum mannslíkamans og starfsemi þeirra í gráfum dráttum, útskýrt tengsl heilbrigðis og þess sem borðað er.
- Geti útskýrt lífsskilyrði manna og helstu áhættuvalda í umhverfinu, lýst breytingum sem verða við kynþroskaaldur og gert sér grein fyrir mikilvægi gagnkvæmrar virðingar í samskiptum kynjanna.

Helstu námsbækur og gögn: Auðvitað – Heimilið. Maðurinn – Hugur og heilsa, textabók ásamt vinnubók.

Námsmat:

Skrifleg próf í september, nóvember, desember, mars og maí. Vinnubrögð í tímum og frágangur verkefna metinn til einkunnar/umsagnar.

SKÓLANÁMSKRÁ

Góður skóli - gjöful framtíð

Enska

Megináherslur: Orðaforði, samræður, kynningar

Hæfniviðmið:

Að nemandi:

Hlustun:

- Hlusti eftir einstökum nákvæmum atriðum þegar þörf krefur, eins og t.d. tilkynningum og leiðbeiningum við kunnuglegar aðstæður og brugðist við með orðum eða athöfnum.
Lesskilningur: Lesið sér til gagns og gamans auðlesnar bækur og tímarit ætluð ungu fólkí og fjallað um efni þeirra.

Menningarlæsi:

- Geti sýnt fram á að hann þekkir til og skilur allvel ákveðin lykileinkenni í menningu viðkomandi mál- og menningarsvæðis sem snúa að daglegu lífi og aðstæðum íbúanna, einkum ungs fólks og getur sett sig í þeirra spor.

Samskipti:

- Geti sýnt fram á að hann er nokkuð vel samræðuhæfur um efni sem hann þekkir vel, beitir máli, framburði, áherslum og hrynjandi af nokkru öryggi.

Frásögn:

- Geti flutt einfalda, undirbúna kynningu á efni sem tengist náminu.

Ritun:

- Geti samið texta þar sem ímyndunaraflíð fær að njóta sín.

Námshæfni:

- Geti tekið þátt í samvinnu um ýmiss konar viðfangsefni og sýnt öðrum tillitssemi.

Helstu námsbækur og gögn:

Ready for Action. Enskar málfræðiæfngar B. Tic tac toe. Hickory/Dickory/Dock, ýmsar léttlestrarbækur/ljósritað efni frá kennara.

SKÓLANÁMSKRÁ

Góður skóli - gjöful framtíð

Námsmat:

Leiðsagnarmat.

Hlustun: Hlustað á spurningar og brugðist við með því að svara munnlega eða með ákveðinni hreyfingu.

Lesskilningur: Léttlestrarbók lesin og bókakynning unnin. Umræða um dýr eftir lestur í bókinni Ready for Action (Animals).

Samskipti: Bókakynning og umræða.

Frásögn: Bókakynning og upplestur á ritunarverkefni um heimilislaus dýr (weird animals).

Ritun: Námsfélagar búa til sögu um heimilislaus dýr. Vinna undirbúin með því að gera hugarkort eftir ákveðinni forskrift.

SKÓLANÁMSKRÁ

Góður skóli - gjöful framtíð

Danska

Megináherslur: Orðaforði

Hæfniviðmið:

Að nemandi:

- Geti skilið það mál sem notað er í kennslustofunni og brugðist við með orðum eða athöfnum.
- Geti fylgt meginþræði í einföldum frásögnum um kunnuglegt efni með stuðningi, t.d. af myndum, hlutum eða líkamsmáli og notað sér upplýsingarnar í eigin verkefni. Fundið afmarkaðar upplýsingar í einföldum texta og nýtt sér í verkefnavinnu.
- Geti tekið þátt í samskiptaleikjum og unnið samtalsæfingar. Sýnt fram á að hann áttar sig á að mörg algeng orð í erlenda tungumálinu eru lík og skyld öðrum sem hann þekkir.
- Geti beitt einföldum námsaðferðum til að auðvelda námið, t.d. nýtt sér titil á texta eða myndir sem fylgja til að auðvelda skilning á inntaki. Tekið þátt í hóp- og tvenndarvinnu, hlustað á og tekið tillit til þess sem aðrir hafa að segja.

Helstu námsbækur og gögn:

Start lesbók

Start vinnubók. Start spil og leg. Vefur Menntamálastofnunar. Efni frá kennara.

Námsmat:

Leiðsagnarmat. Símat. Sjálfsmat. Verkefni og vinna í tínum.

SKÓLANÁMSKRÁ

Góður skóli - gjöful framtíð

Tölvur

Megináherslur: Fingrasetning, rafrænt námsefni

Hæfniviðmið:

Að nemandi:

- Geti beitt réttri fingrasetningu.
- Nýti rafrænt námsefni á ýmsu formi í tengslum við vinnutækni, vinnulag og annað nám.
- Nýti fjölbreyttar leiðir og leitarvélar við markvissa öflun upplýsinga við hæfi. Sýni sjálfstæði.

Helstu námsbækur og gögn: Tölvur. Internetið. Gögn/verkefni frá kennara.

Námsmat:

Fingrasetning 20%. Vinna og virkni 20%. verkefni 60%.

SKÓLANÁMSKRÁ

Góður skóli - gjöful framtíð

Skólaíþróttir

Megináherslur: Fjölbreyttar íþróttir og sund.

Hæfniviðmið:

Að nemandinn:

- Geti gert æfingar sem reyna á lofháð þol. Gert æfingar sem reyna á styrk og stöðugleika útlima og bols. Sýnt leikni í nokkrum mismunandi íþróttagreinum.
- Geti synt viðstöðulaust baksund, skriðsund og kafsund 8 m auk þess að stinga sér af bakka.
- Sýni virðingu og góða framkomu hvort sem leikur vinnst eða tapast. Viðhafi jafnframt jákvæð og árangursrík samskipti til að efla liðsanda. Geti skýrt mikilvægi þess að hafa leikreglur, farið eftir þeim bæði í hóp- og einstaklingsíþrótt.
- Geri sér grein fyrir gildi heilbrigðs lífernис fyrir starfsemi líkamans og mikilvægi hreinlætis í tengslum við íþróttir og sundiðkun.
- Noti hugtök sem tengjast sundiðkun og íþróttum.
- Geri sér grein fyrir mikilvægi öryggis- og umgengnisregla og geti tekið ákvarðanir á þeim grunni. Beitt helstu atriðum skyndihjálpar, endurlífgun og bjargað jafningja á sundi stutta sundleið.

Námsmat:

Sjálfsmat á eigin frammistöðu eftir ákveðna áherslubætti og íþróttagreinar. Virkni og frammistaða í kennslustundum. Verkleg próf/æfingar.

SKÓLANÁMSKRÁ

Góður skóli - gjöful framtíð

Myndmennt

Megináherslur: Teikna og mála

Hæfniviðmið:

Að nemandi:

- Geti útskýrt og sýnt vinnuferli sem felur í sér þróun frá hugmynd til afurðar. Hagnýtt leikni og þekkingu sem hann hefur öðlast til að takast á við fjölbreytt viðfangsefni.
- Geti gert grein fyrir helstu hugtökum sem tengjast viðfangsefni hans. Sýnt ábyrga og örugga umgengni við vinnu og frágang á vinnusvæði.
- Geti lagt mat á eigin verk og sýnt skilning á vönduðum vinnubrögðum.

Helstu námsbækur og gögn:

Það sem kennari leggur til og hentar hverju verkefni.

Námsmat:

Leiðsagnarmat. Umsögn í lok annar. Verkfærni og vandvirkni Vinnusemi og áhugi Sjálfstæð vinnubrögð Umgengni og fer eftir fyrirmælum.

SKÓLANÁMSKRÁ

Góður skóli - gjöful framtíð

Smíði

Megináherslur: Samsetningar og yfirborðsmeðhöndlun.

Hæfniviðmið:

Að nemandi:

- Geti unnið eftir einföldu ferli frá hugmynd til afurðar. Valið og notað verkfæri sem hæfa viðfangsefni á öruggan hátt.
- Geti teiknað einfalda skissu til að útskýra hugmyndir sínar.
- Læri helstu öryggisreglur og notkun hlífðarbúnaðar.

Helstu námsbækur og gögn:

Það sem kennari leggur til og hentar hverju verkefni.

Námsmat:

Leiðsagnarmat. Umsögn í lok annar. Vinnusemi og áhugi. Umgengni og hvort farið er eftir fyrirmælum.

SKÓLANÁMSKRÁ

Góður skóli - gjöful framtíð

Heimilisfræði

Megináherslur: Matreiðsla

Hæfniviðmið:

Að nemandi:

- Geti tjáð sig um heilbrigða lífshætti og tengsl þeirra við heilsufar. Gert sér grein fyrir helstu kostnaðarliðum við heimilishald og sé meðvitaður um neytendavernd. Tjáð sig um aðalatriði næringarfræðinnar.
- Geti farið eftir leiðbeiningum um hreinlæti og þrif tengdu heimilishaldi. Matreitt einfaldar og hollar máltíðir og nýtt hráefnið sem best.
- Nýti margvíslega miðla til að afla upplýsinga er varða matreiðslu, næringarfræði og meðferð matvæla. Geti unnið sjálfstætt eftir uppskriftum og notað til þess algengustu mæli- og eldhúsáhöld.
- Geti tengt viðfangsefni heimilisfræðinnar við jafnrétti og sjálfbærni og áttar sig á uppruna helstu matvæla. Skilið og rætt mismunandi umbúðamerkingar, metið útlit og gæði matvæla og útskýrt hvernig á að geyma þau.
- Geti tjáð sig um ólíka siði og venjur, og þjóðlegar íslenskar hefðir í matargerð.

Helstu námsbækur og gögn:

Gott og gagnlegt 2 – heimilisfræði fyrir 6. bekk.

https://vefir.mms.is/uppskriftavefurinn/gott_gagn2_uppskriftir_net.pdf. Ýmist ítarefni t.d. af heimasíðum Menntamálastofnunar, Embætti landlæknis og Sorpu. Uppskriftir frá kennara

Námsmat:

Leiðsagnarmat þar sem nemandi fær stöðuga endurgjöf um nám sitt ásamt ábendingum um það hvernig hann geti bætt sig. Frammistöðumat þar sem könnuð er hæfni nemenda til að beita þekkingu sinni og leikni. Við námsmat er tekið tillit til eftifarandi þátta: virkni í tínum, umgengni um stofuna, samvinnu, sjálfstæðra vinnubragða og framkomu. Einkunn er gefin sem umsögn á viðtalsdögum auk bókstafs í lok skólaárs.

SKÓLANÁMSKRÁ

Góður skóli - gjöful framtíð

Textílmennt

Megináherslur: Útsaumur og hekl

Hæfniviðmið:

Að nemandi:

Handverk, aðferðir og tækni:

- Geti beitt grunnaðferðum og áhöldum greinarinnar, fjallað um efnisfræði og unnið úr fjölbreyttum textílefnum, unnið með einföld snið og uppskriftir.

Sköpun, hönnun og útfærsla:

- Geti þráð eigin hugmyndir í textílverk og unnið eftir ferli, notað fjölbreyttar aðferðir við skreytingar textíla, útskýrt hagnýtt og fagurfræðilegt gildi handverks og fjallað um fagurfræði í eigin verkum. Nýtt helstu miðla til að afla upplýsinga um textíl og textílvinnu.

Menning og umhverfi:

- Geti fjallað um íslenskt hráefni í samhengi við sögu og sjálfbærni, gert grein fyrir helstu eiginleikum náttúrulefna og gerviefna. Sett textílvinnu og textílverk í samhengi við sögu, samfélag og listir. Gert grein fyrir endurnýtingu og efnisveitum.

Námsmat:

Metið er út frá þeim forsendum að nemandi geti sýnt frumkvæði og þor, gert tilraunir í textíl og valið og beitt viðeigandi aðferðum og tækni. Beitt fjölbreyttu formi og stíl til þess að skapa á sjálfstæðan hátt verk byggð á eigin hugmyndum, útskýrt og rökstutt vinnuferli frá hugmynd að lokaverki. Lýst, greint og rætt inntak eigin verka og annarra, sett í menningarlegt, sögulegt og samfélagslegt samhengi og beitt markvisst orðaforða og hugtökum í textíl. Gert grein fyrir fjölbreyttu hlutverki textíl í menningar- og atvinnulífi samfélagsins. Stuðst er við leiðsagnarmat sem felst í reglulegri og uppbyggilegri endurgjöf og fer aðallega fram í samtölum nemanda og kennara. Kennari leiðbeinir nemanda á meðan á námi hans stendur. Með leiðsagnarmati gefur kennari nemandanum upplýsingar um það sem hann getur nýtt sér til þess að bæta nám sitt jafnóðum. Það miðast við hvern einstakling og hans þarfir.

SKÓLANÁMSKRÁ

Góður skóli - gjöful framtíð

Tónmennt

Megináherslur: Söngur, ólíkir stílar, forrit

Hæfniviðmið:

Að nemandi:

- Geti tekið þátt í samspili eða samsöng með öðrum og flutt og túlkað eigin verk eða annarra með viðeigandi hætti fyrir áheyrendur og skrásett það. Beitt eigin rödd á viðeigandi hátt í ólíkum raddverkum og söng, bæði í eigin verkum og annarra.
- Geti greint ólíkar stíltegundir, myndað sér skoðun á þeim og rökstutt hana.
- Geti notað einföld tæki og forrit til að taka upp, skrásetja og setja saman eigið hljóð- eða tónverk.

Helstu námsbækur og gögn:

Sönghefti (t.d. Skólasöngvar og Syngjum saman) og útprentanir af þekktum dægurlögum. Alls kyns slagsverkshljóðfæri, og þegar fram líða stundir er stefnan að hafa samspil með blokkflautur og jafnvel ukulele.

Námsmat:

Mat fer fram í kennslustundum þar sem m.a. er fylgst með þátttöku nemenda í söng og hljóðfæraleyk, áhuga, færni þeirra til að tjá skoðanir sínar og hlusta á skoðanir annarra o.s.frv.

SKÓLANÁMSKRÁ

Góður skóli - gjöful framtíð

Dans

Megináherslur: Örva hreyfi- og rýmisproska og félagsgreind.

Hæfniviðmið:

Að nemandi:

- Geti dansað einföld hreyfimynstur og notað þau í paradönsum og barnadönsum.
- Taki þátt í skapandi dansferli.
- Taki tillit til jafningja í samstarfi
- Geti samhæft hreyfingu og takt í tónlist

Helstu námsbækur og gögn:

Tónlist og sýnikennsla danskennara.

Námsmat:

Mat fer fram í kennslustundum þar sem m.a. er fylgst með þátttöku nemenda. Einkunn gefinn í bókstöfum.

SKÓLANÁMSKRÁ

Góður skóli - gjöful framtíð

Umsjón og lífsleikni

Megináherslur: Bekkjarfundir

Hæfniviðmið:

Að nemandi:

- Átti sig á sjálfum sér og öðrum
- Myndi hæfni til að þróa tengsl sín við aðra
- Geti fundið lausnir á árekstrum og vandamálum í félagslegu tilliti.

Helstu námsbækur og gögn:

Efni frá kennara og umræður. Ávallt er skrifuð fundargerð og hún birt á heimasíðu skólans.

Námsmat:

Mat fer fram í kennslustundum þar sem m.a. er fylgst með þátttöku nemenda. Ekki er gefinn einkunn eða umsögn.